

Náms- og starfsráðgjöf

Skýrsla starfshóps

*Menntamálaráðuneyti
Febrúar 2007*

Menntamálaráðuneytið : skýrslur og álitsgerðir

Febrúar 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

© 2007 Menntamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Brottfall nemenda úr grunn- og framhaldsskólum.....	6
2. Náms- og starfsráðgjöf	8
2.1 Náms- og starfsfræðsla	9
3. Þróun og umfang náms- og starfsráðgjafar.....	10
3.1 Fjöldi og menntun náms- og starfsráðgjafa	10
3.2 Náms- og starfsráðgjöf – náms- og starfsfræðsla	11
3.3 Lagarammi	11
4. Tillögur til úrbóta	13
4.1 Réttur nemenda til náms- og starfsráðgjafar.....	13
4.2 Náms- og starfsráðgjafaráætlun.....	13
4.3 Lögverndun starfsheitis	14
4.4 Verkefnisstjóri.....	14
5. Kostnaður	15
Lokaorð	16
Heimildaskrá	17
Fylgiskjal 1. Samstarf heimila og framhaldsskóla frá Elínu Thorarensen.....	19
Fylgiskjal 2. Fjöldi starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum	23
Fylgiskjal 3. Almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa.....	24
Fylgiskjal 4. Heildræn námsráðgjafaráætlun.....	27
Fylgiskjal 5. Greinargerð frá Félagi náms- og starfsráðgjafa um lögverndun starfsheitis	28

Inngangur

Menntamálaráðherra skipaði starfshóp um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum og framhaldsskólum með erindisbréfi 2. október 2006. Í erindisbréfi starfshópsins segir: *Starfshópurinn skal setja fram tillögur um hvernig styrkja megi náms- og starfsráðgjöf til nemenda á þessum skólastigum m.a. í því skyni að bæta líðan og námsárangur nemenda og þannig draga úr brottfalli. Ennfremur segir: Í því sambandi verði kannað núverandi umfang ráðgjafarinnar í skólum.*

Starfshópin skipuðu:

Sigríður Bílddal, formaður, án tilnefningar

Arnar Þorsteinsson frá Félagi grunnskólakennara

Ágústa E. Ingþórsdóttir frá Félagi náms- og starfsráðgjafa.

Elín Thorarensen frá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra

Fjóla María Lárusdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Helga M. Steinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla

Kristrún G. Guðmundsdóttir frá Skólastjórafélagi Íslands

Ragnheiður Bóasdóttir frá Félagi framhaldsskólakennara

Sigrún Stefánsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Erna Árnadóttir var starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn hittist á 12 fundum í menntamálaráðuneytinu. Fyrsti fundurinn var 20. október 2006 á degi náms- og starfsráðgjafar og sá síðasti 26. janúar 2007.

Nokkrir fagaðilar komu á fundi hjá starfshópnum svo sem náms- og starfsráðgjafar frá Háskólanum í Reykjavík, Ártúnsskóla og dósent í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Starfshópnum var einnig falið að tengja vinnu sína starfi annarra starfshópa sem skiluðu tillögum sínum til ráðuneytisins í ársbyrjun 2007. Má þar nefna starfshóp sem fjallaði um málefni nemenda á almennri námsbraut framhaldsskóla og starfshóp sem fjallaði um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs.

Í þessari skýrslu verður fjallað um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að allir nemendur hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöf í skólum sínum og stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Gerð verður grein fyrir helstu tillögum starfshópsins um úrbætur og greint frá hugmyndum um kostnað við framkvæmd þeirra.

Starfshópurinn er sammála um þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Það er von starfshópsins að þær verði til þess að bæta líðan og gengi nemenda í námi og minnka þar með líkur á brottfalli í grunn- og framhaldsskólum.

Helstu tillögur starfshópsins:

Starfshópurinn leggur áherslu á nauðsyn þess að allir nemendur í grunn- og framhaldsskólum hafi aðgang að þjónustu menntaðra náms- og starfsráðgjafa. Til þess að svo megi verða eru eftirfarandi tillögur lagðar fram:

Réttur nemenda til náms- og starfsráðgjafar

Aðgengi nemenda í grunn- og framhaldsskólum að náms- og starfsráðgjöf verði tryggt. Setja þarf í grunnskólalög að allir nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Jafnframt verði sett reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum í samræmi við reglugerð um náms- og starfsráðgjöf í framhaldsskólum.

Náms- og starfsráðgjafaráætlun

Komið verði á heildstæðri náms- og starfsráðgjafaráætlun í grunn- og framhaldsskólum. Náms- og starfsráðgjafaráætlun er ætluð fyrir alla nemendur og hafa náms- og starfsráðgjafar yfirumsjón með framkvæmd áætlunarinnar í hverjum skóla. Til þess að náms- og starfsráðgjafaráætlun nýtist öllum nemendum verður að stefna að því að eitt stöðugildi náms- og starfsráðgjafar verði að baki hverjum 300 nemendum. Þetta verði að fullu komið til framkvæmda árið 2012.

Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Til að tryggja megi aðgengi nemenda að faglegri þjónustu menntaðra náms- og starfsráðgjafa þarf að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Verkefnisstjóri í náms- og starfsráðgjöf

Menntamálaráðuneytið ráði verkefnisstjóra sem vinni að því að tillögur starfshópsins komist til framkvæmda. Hlutverk verkefnisstjóra verði að vinna að heildarstefnu í náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

1. Brottfall nemenda úr grunn- og framhaldsskólum

Velferð einstaklinga í nútímasamfélagi hvílir á síaukinni almennri menntun og mun þörf fyrir sí- og endurmenntun aukast. Vel ígrundað náms- og starfsval leggur grunninn að ánægjulegum og árangursríkum starfsferli einstaklinga alla ævi. Öflug náms- og starfsráðgjöf getur ráðið miklu um að nemendur geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsval. Því er mjög brýnt að móta heildstæða stefnu í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu fyrir grunn- og framhaldsskóla. Markviss náms- og starfsfræðsla þarf að standa nemendum til boða frá 1. bekk grunnskóla og allan framhaldsskólann. Í öflugri náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu er lögð áhersla á að einstaklingurinn setji sér markmið í námi og starfi og þekki þá möguleika sem honum standa til boða.

Hér á landi brautskrást hlutfallslega mun færri nemendur úr framhaldsskóla en í öðrum norrænum löndum. Samkvæmt rannsókn Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stelli Blöndal (2002) höfðu rúm 40% árgangsins, sem fæddur er 1975, ekki lokið framhaldsskóla við 24 ára aldur. Í riti Eurydice Key Data on Education in Europe 2005 kemur fram að árið 2002 höfðu 51,1% Íslendinga á aldrinum 20-24 ára lokið að minnsta kosti framhaldsskólaprófi. Meðaltal ESB landanna 25 var 76,6% en Ísland var í hópi þeirra þar sem fæstir nemendur höfðu lokið námi. Ekki fundust upplýsingar um nemendur sem ekki luku skyldunámi hérlendis þó eftir því væri leitað.

Meiri líkur eru á því að þeir sem einungis eru með grunnskólapróf verði atvinnulausir. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar frá því í desember 2006 voru 18% atvinnulausra á landinu á aldrinum 16-24 ára og af þeim höfðu yfir 40% einungis lokið grunnskólanámi.

Nýjar íslenskar rannsóknir benda til þess að náms- og starfsráðgjöf geti spáð fyrir um og spornað við brottfalli. Í MPA rannsókn Guðbjargar Aðalbergsdóttur (2006) er brottfall í framhaldsskólum skoðað með áherslu á innri þætti í starfsemi skóla s.s. samskipti nemenda og kennara, stefnu skólans og skólabrag. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum sé einn af fáum þáttum í innra starfi skóla sem dregur úr brottfalli. Í rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2007) kom fram að framfarir í skipulagðri starfshugsun í 10. bekk spá fyrir um brottfall eða lok framhaldsskóla að teknu tilliti til einkunna og félagslegra breyta. Ennfremur sýna erlendar rannsóknir að náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur í brottfallshættu getur aukið trú nemenda á eigin hæfni til að bera ábyrgð á starfsvali sínu (O'Brien, Dukstein, Jackson, Tomlinson, Kamatuka, 1999).

Í skýrslu OECD (2004) um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og varnir gegn brottfalli segir að nemendur sem eru í áhættuhópi ættu að hafa forgang að náms- og starfsráðgjöf. Æskilegt er að vinna að því að hver og einn setji sér markmið um frekara nám, starf eða annað áður en hann hverfur alfarið brott úr skóla.

Rannsóknir hafa sýnt að foreldrar gegna mikilvægu hlutverki þegar um er að ræða að bæta námsstöðu nemenda, ýta undir jákvætt viðhorf til náms og draga úr brottfalli. Samstarf við foreldra er því einn af lykilþáttum þess að draga úr brottfalli. Náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum gegna mikilvægu hlutverki í auknu foreldrasamstarfi og geta boðið upp á

fræðslu fyrir foreldra t.d. um náms- og starfsval og starfsþróun einstaklinga, sjá nánar í fskj. 1.

Nauðsynlegt er að fylgst verði með þeim nemendum sem horfið hafa frá námi. Sveitarfélög og yfirvöld menntamála þurfa að fylgja nemendum eftir til 18 ára aldurs. Auk þess þarf að vera greið leið fyrir brottfallsnemendur ef þeir kjósa að fara aftur í nám og þá þarf aðgangur að náms- og starfsráðgjöf að vera fyrir hendi.

2. Náms- og starfsráðgjöf

Í samfélagi sem einkennist af hraða, tækninýjungum og auknu alþjóðlegu samstarfi verða nemendur að vera færir um að mynda sér skoðun á hvaða stefnu þeir vilja taka í námi og starfi. Þá er um að ræða stefnu eða feril sem nær frá barnæsku til fullorðinsára. Viðtæk almenn menntun, þjálfun og sveigjanleiki í samsetningu náms og starfs er mikilvægur þáttur í lífi þeirra sem vilja fylgjast með og auka hæfni sína og réttindi á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjöf er í eðli sínu fyrirbyggjandi starf sem felst í að liðsinna einstaklingum við að finna hæfileikum sínum og kröftum farveg við hæfi og leita lausna ef vandi steðjar að í námi eða starfi. Heitið náms- og starfsráðgjöf felur í sér mikilvægi tengsla náms og starfs - tengsla menntunar og vinnumarkaðar. Náms- og starfsráðgjafar aðstoða einstaklinga m.a. við að vinna úr upplýsingum um nám og störf og hvetja þá til sjálfsskoðunar m.t.t. þeirrar stefnu sem þeir vilja taka í námi og starfi.

Við er kallað eftir aukinni þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Í skýrslu starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins um almenna námsbraut framhaldsskólans, sem skilað var í upphafi þessa árs, er gert ráð fyrir stórauðinni náms- og starfsráðgjöf. Í skýrslu starfsnámsnefndar, Nýr framhaldsskóli frá 2006, eru tillögur um aukið valfrelsi nemenda í framhaldsskólum og að valið þurfi að vera í samræmi við það framhaldsnám sem þeir hyggjast stunda. Á málþingi menntamálaráðuneytisins um málefni unglingastigsins, 20. nóvember 2006, var einnig rætt um að auka þyrfti náms- og starfsráðgjöf en til að svo megi verða þarf að sjá til þess að allir nemendur eigi kost á þessari þjónustu.

Í 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fjallað um rétt barna til menntunar og að öll börn skuli njóti sömu tækifæra. Í d) lið sömu greinar segir að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval skuli vera fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að fylgjast með sérhverjum nemanda og leiðbeina honum við að finna hæfileikum sínum farveg. Mikilvægt er að foreldrar fái viðeigandi fræðslu til að geta tekið þátt í náms- og starfsvali barna sinna.

Í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla, sem gefin hefur verið út og tekur gildi 1. ágúst 2007, er fjallað um að öll börn hafi jafnan rétt til náms og öll börn eigi rétt á menntun við hæfi. Í kafla um Hlutverk og markmið segir m.a.: *Einstaklingurinn verður strax á unga aldri að búa sig undir þá stadreynd að menntun er æviverk og ennfremur.: Skólinn þarf að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur með því að leggja áherslu á vinnubrögð sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni.*

Rannsóknir sýna að einstaklingar, sem fá náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu frá upphafi skólagöngu bæta árangur sinn í skóla, verða færari í samskiptum og samvinnu, eru betur undirbúnir fyrir væntanleg störf og hafa meiri þekkingu á starfskönnun og ákvarðanatöku um störf (Elementary career awareness guide, 1999).

Allt þetta krefst þess að nemendur hafi aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

2.1 Náms- og starfsfræðsla

Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi náms- og starfsfræðslu til að reyna að fyrirbyggja brottfall og vinna gegn hefðbundnum kynjahlutföllum í störfum. Náms- og starfsfræðslu þarf að skilgreina í námskrám grunn- og framhaldsskóla.

Náms- og starfsfræðsla er einn þáttur náms- og starfsráðgjafar. Fræðslan felst í að aðstoða einstaklinga við að kanna áhuga sinn og hæfileika og tengja þessa vitneskju við upplýsingar um nám og störf. Auk þess þarf að þjálfa einstaklinga til að leita sér upplýsinga um nám og störf og tengja þær þekkingu þeirra á sjálfum sér svo þeir eigi auðveldara með að taka ákvörðun um framhaldið.

Niðurstöður úr rannsókn dr. Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2000) benda til að forvarnargildi náms- og starfsfræðslu sé mikið. Þar kemur fram að þeir nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu stóðu sig mun betur í mikilvægum leikniþáttum sem varða markvisst náms- og starfsval. Það átti m.a. við um skipulagða starfshugsun og að vera ákveðnari um framhaldsnám. Með starfshugsun er átt við það hvernig fólk hugsar um ákveðin störf eða starfsheiti, hvort því þyki tiltekið starf t.d. virðingarvert eða gagnlegt. Talið er að hugsun um störf liggja til grundvallar starfsáhuga og starfsþróun. Í rannsókn dr. Guðbjargar Vilhjálmsdóttur og Guðmundar B. Arnkelssonar (2005) kom í ljós að stúlkur og drengir hugsa mismunandi um störf strax við 15 ára aldur. Það á sérstaklega við um hvernig þau hugsa um hefðbundin kvennastörf. Drengir mátu gagnsemi, ábyrgð, samskipti og virðingu kvennastarfa minna en stúlkur og áhugi þeirra var almennt lítil á þeim störfum.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96, 2000, 19. gr., kemur fram að í ráðgjöf og náms- og starfsfræðslu skuli leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið lítið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Í gildi er Jafnréttisáætlun fyrir árin 2004 – 2008 sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Í niðurstöðum sem komu fram á málstofu um konur og vísindi, tengdri jafnréttisáætluninni, sem haldin var á vegum menntamálaráðuneytisins 30. nóvember 2006 kom fram að árið 2004 voru konur 85% útskrifaðra nemenda í heilbrigðis- og uppeldisgreinum á háskólastigi en ekki nema um 15% úr tækni- og verkfræðigreinum. Erlendar rannsóknir benda til að hægt sé að hafa áhrif á viðhorf nemenda til kynbundinna starfa þannig að þeir skoði störf in í öðru ljósi (Tracy, 2002; Turner og Lapan, 2005). Náms- og starfsráðgjöf og öflug náms- og starfsfræðsla í skólum er augljós leið til að sporna við kynjaskiptingu í námi og störfum.

3. Þróun og umfang náms- og starfsráðgjafar

Árið 1989 ákvað menntamálaráðuneytið að gera áttak til að efla náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðslu í grunn-, framhalds- og háskólum. Stefnan var að auka og festa í sessi þessa starfsemi á næstu fimm árum. Í framhaldinu var ráðið í fimm stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í a.m.k. 50% stöðu í grunnskólum í Reykjavík og fjölgun varð í framhaldsskólum og háskólum. Árið 1997 var ákveðið að ráðnir yrðu náms- og starfsráðgjafar í alla grunnskóla í Reykjavík þar sem voru unglingadeildir. Í kjölfarið hefur náms- og starfsráðgjöfum fjölgað í grunnskólum Reykjavíkur sem og annars staðar á landinu. Í framhaldsskólum hefur náms- og starfsráðgjöfum einnig fjölgað á undanförunum árum.

3.1 Fjöldi og menntun náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafar eru nú starfandi í 77 grunnskólum af 177. Stöðuhlutfall þeirra er frá 25-100%. Í öllum framhaldsskólum eru starfandi náms- og starfsráðgjafar. Stöðuhlutfall þeirra er mismunandi. Í töflunum hér að neðan má sjá meðalnemendafjölda á hvern náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Í fskj. 2 má sjá upplýsingar um grunnskólann, árin 2003-2005, skipt eftir landssvæðum.

Grunnskóli

Ár	Fjöldi náms- og starfsráðgjafa	Heildar-nemendafjöldi	Meðalnemendafjöldi á náms- og starfsráðgjafa
2003	44	44.809	1018
2005	58	44.336	764

(Heimild: Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga 2006)

Framhaldsskóli

Ár	Fjöldi náms- og starfsráðgjafa	Heildar-nemendafjöldi	Meðalnemendafjöldi á náms- og starfsráðgjafa
2003	47	20.871	444
2005	53	22.375	422

(Heimild: Hagstofa Íslands, 2007)

Eins og töflurnar sýna gætir ekki jafnræðis í aðgengi nemenda að náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

Samkvæmt rannsókn Sigríðar Dísu Gunnarsdóttur (2006) er nemendafjöldi á hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa á báðum skólastigum frá 180-1100.

Í sömu rannsókn var spurningalisti sendur út til allra náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Svarhlutfall var 73%. Niðurstöður voru þær að 73% svarenda í grunnskólum höfðu lokið viðbótarnámi í náms- og starfsráðgjöf. Þess verður þó að geta að 9% svöruðu ekki spurningunni um menntun. Aðrir sem sinna starfi náms- og starfsráðgjafa hafa lokið námi í

félagsráðgjöf, námi til kennaraprófs eða öðrum greinum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands 2007 voru 29 eða 55% af 53 náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskóla með menntun í náms- og starfsráðgjöf.

Benda má á til útskýringar því misræmi sem er milli þessara talna að í töflunum eru þeir taldir sem gegna starfi náms- og starfsráðgjafa án þess að hafa menntun á því sviði en í textanum þeir sem hafa lokið námi í greininni. Ástæðan fyrir því er að starfsheitið er ekki lögverndað.

3.2 Náms- og starfsráðgjöf – náms- og starfsfræðsla

Árin 2001-2003 var gerð athugun á náms- og starfsráðgjöf í 14 OECD löndum. CEDEFOP safnaði sams konar upplýsingum frá sjö öðrum löndum þar á meðal Íslandi. Niðurstöður skýrslunnar sýna að aðgangur að þjónustunni er takmarkaður og að hún er ekki fólgin í því að þróa færni einstaklinga til að bera ábyrgð á eigin náms- og starfsvali. Í skýrslunni kemur fram að aðaláhersla sé lögð á að nemendur geti tekið ákvörðun um næsta skólastig. Í skýrslunni segir einnig að menntunar- og hæfniskröfur til þeirra sem sinna þjónustunni séu oft litlar. Enn fremur kemur fram í sömu skýrslu að náms- og starfsfræðsla virðist vera skólamiðuð og þjónusta fyrir þá sem eru á leið út á vinnumarkaðinn takmörkuð (OECD, 2004). Ofangreind lýsing virðist eiga við hér á landi nú.

Í skýrslu um greiningu á starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur 2006 kemur fram að víða virðist pottur brotinn hvað varðar kennslu í náms- og starfsfræðslu. Þar segir að náms- og starfsfræðsla fari ekki fram í um 30% grunnskóla með unglingadeildir. Í skýrslunni kemur einnig fram að einungis 38% náms- og starfsráðgjafa töldu að 70-99% nemenda væru vel undirbúnir til að taka ákvörðun um nám að loknum grunnskóla við lok 10. bekkjar.

Í vettvangsnámi fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum 25. nóvember 2006 voru þeir beðnir um tillögur um náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. Náms- og starfsráðgjafar voru sammála um að náms- og starfsfræðsla þyrfti að vera allan grunnskólann og hægt væri samþætta greinina öðrum námsgreinum svo sem lífsleikni í yngri bekkjum. Náms- og starfsfræðsla þyrfti líka að fá sérstaka tíma á töflu í 7. - 10. bekk. Enn fremur var lögð áhersla á mikilvægi þess að auka hlut foreldra/forráðamanna í náms- og starfsfræðslu og nýta sér betur krafta þeirra.

Niðurstöðurnar hér að ofan benda til þess að verulega þurfi að huga að náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

3.3 Lagarammi

Starfshópurinn leggur til að lög um störf náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum verði samræmd og að náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla verði starfsmenn skóla eins og raunin er í framhaldsskólum. Starfshópurinn leggur enn fremur til að sett verði reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Þannig megi m.a. auka samfellu í þjónustu við nemendur og samhæfa störf þjónustunnar í þágu nemenda.

Réttur nemenda til náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum er ekki tryggður í lögum. Náms- og starfsráðgjöf er tvisvar getið í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 í tengslum við nemendaverndarráð og sérfræðiþjónustu. Í 39. gr. um nemendaverndarráð, þar sem rætt er um heimild til að stofna nemenda-

verndarráð segir, „...til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðipjónustu og heilsugæslu“. Í 42. gr. er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að sjá skólanum fyrir sérfræðipjónustu, „...bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðipjónustu“. Ekkert segir til um hvort náms- og starfsráðgjafar eigi að vera starfsmenn skóla eða skólaskrifstofa. Engin reglugerð er til um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Þetta gerir það að verkum að enginn samræmdur grunnur er í starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Ef nemendur eiga að hafa greiðan aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa verða náms- og starfsráðgjafarnar að starfa í skólunum sjálfum. Nauðsynlegt er að hafa skýrt starfssvið sem auðveldar náms- og starfsráðgjöfum að skipuleggja starf sitt í samráði við skólastjórnendur. Starfslýsing er til hjá Félagi náms- og starfsráðgjafa, sjá fskj. 3

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996, 11. gr., er staða náms- og starfsráðgjafar skýr og þar kemur fram að skólameistari ráði náms- og starfsráðgjafa í samráði við skólanefnd. Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum eru því starfsmenn skóla. Í reglugerð nr. 5/2001, 9. gr., um starfslið og skipulag framhaldsskóla er skýrt kveðið á um starfssvið náms- og starfsráðgjafa. Með breytingu á reglugerð frá 2004 er tiltekið hvaða menntun náms- og starfsráðgjafar eigi að hafa, þ.e fjögurra ára háskólapróf og þar af eitt ár í námi í náms- og starfsráðgjöf.

Þarna er ósamræmi á lagaramma milli grunn- og framhaldsskóla og réttur nemenda í grunnskólum til þjónustunnar ekki tryggður og engin samfella er í þeirri þjónustu sem nemendur fá.

4. Tillögur til úrbóta

Til að styrkja megi náms- og starfsráðgjöf hjá nemendum í grunn- og framhaldsskólum er nauðsynlegt að allir nemendur þessara skólastiga hafi aðgang að þjónustu menntaðra náms- og starfsráðgjafa. Mjög mikilvægt er að stjórnvöld hugi að heildarstefnumótun og framkvæmdaáætlun í náms- og starfsráðgjöf ef tryggja á öllum grunn- og framhaldsskólanemendum ofangreinda þjónustu. Til þess að af þessu geti orðið eru settar fram eftirfarandi tillögur:

4.1 Réttur nemenda til náms- og starfsráðgjafar

Starfshópurinn leggur til að lög um störf náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum verði samræmd. Enn fremur að sett verði reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Þannig megi m.a. auka samfellu í þjónustu við nemendur og samhæfa störf á þessum skólastigum í þeirra þágu. Starfshópurinn er sammála um að náms- og starfsráðgjafar verði starfsmenn skóla.

Allir nemendur grunn- og framhaldsskóla eiga rétt á náms- og starfsráðgjöf. Talað er um menntun sem æviverk í aðalnámskrám grunnskóla 2007 og framhaldsskóla 2004. Í skýrslu um almenna námsbraut framhaldsskóla og skýrslu starfsnámsnefndar um nýjan framhaldsskóla er gert ráð fyrir meira vali nemenda og meiri náms- og starfsráðgjöf. Til þess að það komist til framkvæmda þarf að setja í lög um grunnskóla að nemendur eigi rétt á þjónustu menntaðra náms- og starfsráðgjafa hvar sem þeir búa á landinu. Jafnframt þarf að setja reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum til samræmis við reglugerð um framhaldsskóla þannig að samræmi verði í störfum náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum.

4.2 Náms- og starfsráðgjafaráætlun

Starfshópurinn leggur til að náms- og starfsráðgjafaráætlun verði komið á í grunn- og framhaldsskólum. Grundvallaratriði er að nemendafjöldi sé ekki meiri en 300 nemendur að baki hverju stöðugildi til að náms- og starfsráðgjafaráætlunin nái til allra nemenda. Starfshópurinn leggur til að árið 2012 verði 300 nemendur á bak við hvert stöðugildi bæði í grunn- og framhaldsskólum til að fræðslufirvöld hafi svigrúm til að koma tillögunum í framkvæmd. Nauðsynlegt er að námi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands verði tryggt fjármagn þannig að nægilega margir menntaðir náms- og starfsráðgjafar verði til staðar árið 2012.

Í náms- og starfsráðgjöf í skólum er verið að vinna að því með ungu fólki að hvert þeirra nái settum markmiðum í námi sínu. Þessi markmið eru sett út frá áhuga þeirra, hæfni og aðstæðum. Áður fyrr var talið nægja að nemendur hefðu aðgang að náms- og starfsráðgjöf en ný stefna hefur rutt sér til rúms erlendis (Gypers og Henderson, 2000) sem er sérstök náms- og starfsráðgjafaráætlun, fskj. 4.

Að þeirri áætlun koma fleiri aðilar en náms- og starfsráðgjafar og markmiðið er að allir nemendur skólans fái stuðning til að standast þær kröfur sem aukin alþjóðahyggja og tæknivæðing gerir. Kröfur um að hver einstaklingur afli sér þekkingar sem nauðsynleg er í nútímasamfélagi, samfélagi sem er í stöðugri þróun. Þær kröfur sem gerðar eru til einstaklinga í nútímasamfélagi valda oft

miklu tilfinningalegu álagi og skólinn verður að geta stutt við bakið á þeim einstaklingum, sem þurfa á aðstoð að halda, með skipulegum hætti rétt eins og gert er í öðrum þáttum í starfi skóla.

Samkvæmt náms- og starfsráðgjafaráætlun á einnig að sinna náms- og starfsfræðslu. Með því er átt við áætlun einstaklinga varðandi nám og starf í samráði við aðra fagaðila skólans. Það er lykilatriði í slíkri áætlun að hún nái til allra nemenda og að allir starfsmenn skólans og forráðamenn nemenda komi að henni með skipulegum hætti. Það er gert til þess að unnt sé að stuðla að því að hver nemandi nái markmiðum sínum í námi og starfi. Fræðsla til forráðamanna varðandi náms- og starfsval er hluti af verkefnum náms- og starfsráðgjafa.

Fjöldi nemenda að baki hverju stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf skiptir máli. Gypers og Henderson (2000) telja að náms- og starfsráðgjafi sem eingöngu sinnir einstaklingsráðgjöf nái aðeins til hluta nemenda. Með náms- og starfsráðgjafaráætlun, þar sem ekki eru fleiri en 300 nemendur að baki hverju stöðugildi, getur náms- og starfsráðgjafi náð að sinna öllum nemendum.

Námsráðgjafaráætlun er í fjórum hlutum: Fræðsluáætlun, einstaklingsáætlun, persónuleg ráðgjöf og samráðsáætlun, sjá fskj. 4. Fræðsluáætlun byggir á hæfnismarkmiðum fyrir öll aldursstig og leiðir til að ná þeim. Einstaklingsáætlun er ætlað að aðstoða hvern nemanda við að ná fram því besta sem í honum býr í samráði við foreldra og forráðamenn. Persónuleg ráðgjöf aðstoðar nemendur ef hindranir verða á vegi þeirra. Samráðsáætlun er stuðningskerfi sem samþættir áætlunina öðru skólastarfi.

4.3 Lögverndun starfsheitis

Með því að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa eru um leið tryggð ákveðin gæði þjónustunnar við nemendur. Með lögverndun hefur aðeins sá sem menntað hefur sig til starfsins rétt til að nota starfsheitið. Þar með veit sá sem leitar til náms- og starfsráðgjafa að sá sem þjónustuna veitir hefur þá fagþekkingu sem þarf til að aðstoða hann. Það er ótvíræður hagur nemenda að sú þjónusta sem þeim býðst sé sambærileg hvar sem er á landinu, hvort sem átt er við grunn- og framhaldsskóla, fámenna eða fjölmenna skóla, sjá fskj. 5.

4.4 Verkefnisstjóri

Starfshópurinn leggur til að menntamálaráðuneytið ráði verkefnisstjóra sem vinni að því að tillögur nefndarinnar komist til framkvæmda. Helstu verkefni verkefnisstjóra yrðu að móta stefnu í málefnum náms- og starfsráðgjafar með það að meginmarkmiði að bæta aðgengi allra nemenda að náms- og starfsráðgjöf. Verkefnisstjóri gæti haft umsjón með því að komið yrði á samræmdu skráningar- og matskerfi í náms- og starfsráðgjöf og unnið að því að sett yrðu gæðaviðmið fyrir starfið.

Staða verkefnisstjóra í náms- og starfsráðgjöf þarf að vera varanleg. Á Evrópu-sambandsráðstefnu um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í Finnlandi í nóvember 2006 kom fram að talsvert vantar upp á virka stefnumótun og samræmingu náms- og starfsráðgjafar í löndunum. Einnig kom fram á ráðstefnunni að æskilegt væri að í hverju landi yrði komið á laggirnar samráðshópi um náms- og starfsráðgjöf (national fora). Slíkur samráðshópur getur haft mikið að segja fyrir markvissa stefnumótun í málaflöknum.

5. Kostnaður

Haustið 2005 voru 58 náms- og starfsráðgjafar starfandi í grunnskólum og 53 í framhaldsskólum en einungis hluti þeirra hefur menntun náms- og starfsráðgjafa. Sé miðað við 300 nemendur á hvert stöðugildi, sbr. tillögu starfshóps og nemendafjölda 2005, ættu náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum að vera 148 en í framhaldsskólum 74,5.

Launakostnaður menntaðs náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla gæti verið á bilinu 3,5 milljónir á ári til ríflega 5 milljóna á stöðugildi á ári miðað við 20% launatengd gjöld. Hér er miðað við kjarasamning Kennarasambands Íslands og launatöflu 1. janúar 2007. Lægri talan miðast við nýútskrifaðan náms- og starfsráðgjafa á þrítugsaldri. Erfiðara er að meta launakostnað fyrir framhaldsskólann en grunnskólann. Stofnanasamningar framhaldsskólanna eru mismunandi hvað varðar störf og launaröðun náms- og starfsráðgjafa. Af samantekt Félags framhaldsskólakennara um stofnanasamninga, má ætla að árslaun gætu verið á bilinu 3,5 milljónir til tæplega 5 milljóna með 20% launatengdum gjöldum.

Skólastig	Heildar-nemendafj.	Stöðug. náms- og starfsráðgj.	Meðallauna-kostnaður á ári	Heildarlauna-kostnaður á ári
Grunnskóli	44.336	148	4,5 millj.	666 millj.
Framhaldssk.	22.375	74,5	4,5 millj.	335 millj.

Heildarlaunakostnaður samkvæmt töflunni miðast við menntaða náms- og starfsráðgjafa. Frá þeirri tölu þarf að draga launakostnað þeirra sem þegar hafa lokið námi. Einnig þarf að gefa þeim sem ekki hafa tilskilda menntun í greininni tækifæri til að ljúka námi í náms- og starfsráðgjöf.

Samkvæmt fjárlögum 2007 er framlag á einn ársnema í framhaldsskóla 648 þúsund krónur. Þetta er vegið meðaltal framlaga til allra nemenda allra framhaldsskóla sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Í þessari tölu er kennslu- og stjórnunarkostnaður, kennslutengd störf og annar rekstur. Ef nemendi sem er með 17,5 einingar á önn hættir í öllum áföngum áður en kemur að prófum fær viðkomandi skóli um 324.000 kr. lægri framlög á þeirri önn. Samfélagslegur kostnaður sem gæti hlotist af viðkomandi nemenda, t.d. atvinnuleysisbætur, kæmi síðan til viðbótar. Þar sem rannsóknir benda til að markviss náms- og starfsráðgjöf minnki líkur á brottfalli þarf ekki marga nemendur, sem ella hefðu fallið brott, til að standa undir auknum launakostnaði í framhaldsskólum.

Við mótun stefnu í málefnum náms- og starfsráðgjafar og fjölgun náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum þarf að taka tillit til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um rekstur grunnskóla.

Lokaorð

Ekki er jafnræði hjá nemendum hvað varðar aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu hvort sem um er að ræða grunn- eða framhaldsskóla. Það á bæði við um höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Einungis hluti starfandi náms- og starfsráðgjafa er með tilskylda menntun. Miðað við að náms- og starfsráðgjöf geti verið forvörn gegn brottfalli þá er samfélagslegur ávinningur af því að gefa öllum nemendum kost á að njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Með því móti gæti náms- og starfsval nemenda orðið markvissara og það eitt gæti skilað sér til að fyrirbyggja brottfall úr framhaldsskóla.

Kallað er eftir aukinni náms- og starfsráðgjöf í mörgum þeim ritum sem komið hafa út á síðustu vikum og mánuðum. Má þar nefna aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla sem taka gildi um þessar mundir, nýútgefnar skýrslur um almenna námsbraut í framhaldsskólum og skýrslu starfsnámsnefndar um nýjan framhaldsskóla. Nemendur sem finna hæfileikum sínum farveg og velja sér starf í samræmi við áhuga eru líklegri til að ljúka námi. Það má líka leiða líkur að því að líðan nemenda sé betri þegar þeir hafa eitthvað ákveðið að stefna að og vita hvað þarf að gera til að komast á leiðarenda. Markviss náms- og starfsráðgjöf getur aðstoðað þá við að finna leiðina að settu marki.

Það er réttur sérhvers nemanda í grunn- og framhaldsskólum að njóta þjónustu vel menntaðra náms- og starfsráðgjafa. Miðað við núverandi ástand njóta sumir þjónustunnar en aðrir ekki. Landsbyggðin er verr sett en höfuðborgarsvæðið. Engin samfella er á milli grunn- og framhaldsskólastigs þegar kemur að náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsfræðsla, sem er einn af mikilvægum þáttum náms- og starfsráðgjafar og byggir á því að nemendur geti öðlast færni til að velja sér nám eða starf alla ævi, er víða ekki fyrir hendi. Tillögur starfshópsins miða að því að innan fárra ára geti allir nemendur átt kost á náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum hvar sem er á landinu.

Heimildaskrá

- Aðalnámsskrá grunnskóla (2007). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámsskrá framhaldsskóla (2004). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sótt af þessari slóð 18. desember 2006
<http://www.abotinn.is/barnaheill/barnasattmali1.html>
- Elementary Career awareness guide. A resource for elementary school counselors and teachers. (1999). NC department of public instruction.
- Eurydice Key Data on Education in Europe 2005
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (2003). Almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa. Óútgefið rit. Sótt á þessa slóð 27. janúar 2007
<http://www.fns.is/starfslýsingar.php>.
- Guðbjörg Aðalbergsdóttir. (2006). An investigation into student dropout rates in Icelandic upper-secondary schools. Óbirt MPA rígerð frá University of Warwick í Englandi.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk grunnskóla. Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 9, 37-56.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2005). Kynjamunur í hugrænni kortlagningu starfa. Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 14:2, 57-67.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2007). Outcomes of two different methods in career education. Samþykkt grein í International Journal of Educational and Vocational Guidance.
- Gyspers, N.C, og Henderson, P. (2000). Developing and Managing your School Guidance Program (3. útg.), Alexandria, American Counseling Association
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms. Reykjavík. Háskólaútgáfan.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 96/2000
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995
- Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996
- Málstofa um konur og vísindi. (2006). Sótt á þessa slóð 20. desember 2006
http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/34_2006.pdf.
- Menntamálaráðuneytið. (1998). Efling náms- og starfsráðgjafar, nefndarálti: Staða starfs- og námsráðgjafar, hlutverk, verksvið, tillögur. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2006). Nýr framhaldsskóli, skýrsla starfsnámsnefndar. Rafræn útgáfa. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2006). Greining á starfi: Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Reykjavíkur. Reykjavík: Gagnasvið Reykjavíkur.

O'Brien, K.M., Dukstein, R.D., Jackson, St.L., Tomlinson, M.J. Kamatuka, N.A. (1999). Broadening Career horizons for students in at-risk environments. *The Career Development Quarterly*, 47,3. 215-229.

OECD og European Commission. (2004). *Career guidance: A handbook for policy makers*. Paris: Organisation for Economic Co-operation and Development og European Commission.

Reglugerð um starfslið skóla nr. 5/2001.

Sigríður Dís Gunnarsdóttir. (2006). Að stuðla að þróun starfsferils nemenda: Þáttur náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.

Tracey, T.J.G. (2002). Development of interests and competency beliefs. A 1 year longitudinal study of fifth- to - grade students using the ICA-R and structural equation modelling. *Journal of Counseling Psychology*, 49,2, bls. 148-163

Turner, S.L. og Lapan, R.T. (2005). Evaluation of an intervention to increase non-traditional career interests and career-related self-efficacy among middle-school adolescents. *Journal of Vocational Behavior*, 66. bls. 516-53.

Vinnumálastofnun. (2007). Atvinnulausir desember 2006. Sótt af þessari slóð 14. janúar 2007.

http://www.vinnumalastofnun.is/files/prentun%202006-12_2020095778.pdf

Vinnumálastofnun. (2007). Menntun atvinnulausra. Sótt á þessa slóð 14. janúar 2007 http://www.vinnumalastofnun.is/files/menntun_625455999.xls

Fylgiskjal 1. Samstarf heimila og framhaldsskóla frá Elínu Thorarensen

Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að samstarf heimila og skóla skilar sér í jákvæðum áhrifum á skólastarfið og þetta á við um öll skólastig. Þessar rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í skólastarfi skilar sér meðal annars í bættum námsárangri, betri mætingum, minni agavandamálum, auknum metnaði og sjálfstrausti nemenda. Samstarf er einnig mjög mikilvægt á unglingsárunum. Gott samstarf getur t.d. auðveldað nemendum að aðlagast nýjum skóla, auðveldað foreldrum að styðja við unglingana sína og ýtt undir markvissar umræður um hvað tekur við eftir framhaldsskóla og síðast en ekki síst dregið úr brottfalli nemenda. (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. 2002; Lazar og Slostad, 1999; Epstein 1995). Í skýrslu Helgu Sigurjónsdóttur (1989) um ráðgjöf, skólaþróun og fornám í Menntaskólanum í Kópavogi kemur fram að á nokkrum árum minnkaði brottfall á fyrsta ári í skólanum úr 15-20% að jafnaði í um 6%. Þessi árangur náðist m.a. með auknu foreldrasamstarfi, aðhaldi og ráðgjöf að mati starfsfólks skólans.

M.a. eru nefnd viðhorf foreldra til náms, hvatning foreldra, ágreiningur foreldra og nemenda varðandi námsleið og trú nemenda á eigin getu.

Rannsóknir sýna að það dregur úr foreldrasamstarfi strax á miðstigi og það minnkar enn frekar á unglingsárunum. Margar ástæður eru taldar orsaka þetta og má meðal annars nefna aukna þörf unglunga fyrir sjálfstæði og meiri ábyrgð sem fullorðnir túlka oft á þann veg að þeir vilji ekki stuðning og samstarf. Kannanir hafa sýnt að þar er um misskilning að ræða (Epstein 1995; Elín Thorarensen 1998). Unglinsárin eru viðkvæmur tími og nemendur þurfa því mjög mikið á stuðningi bæði foreldra og kennara að halda á þessum árum (Lazar og Slostad, 1999; Epstein 1995). Flókin uppbygging framhaldsskóla er einnig talin hafa hindrandi áhrif á samstarf, tímaleysi kennara og foreldra er líka nefnt til sögunnar, óöryggi foreldra gagnvart námsefni sem og að framhaldsskólakennarar eru menntaðir sem faggreinakennarar og eru því oft illa undirbúnir undir að eiga samstarf við foreldra.

Samstarf á einkum að snúast um hvern og einn nemanda, stöðu hans og líðan. Því er mikilvægt að framhaldsskólar séu með öflugt umsjónarkennarakerfi þar sem tryggt er að upplýsingaflæði milli foreldra og skóla verði gagnkvæmt. Nemendurnir leika sjálfir aðalhlutverk í menntun sinni, þroska og árangri í skóla en samvinna heimila og skóla er aftur á móti mikilvægur stuðningur og hvatning fyrir nemendur. Til þess að foreldrar geti tekið virkan þátt í námi unglunga þarf gott upplýsingaflæði og virkt samstarf að mati rannsakenda (t.d. Atkin og Bastiani 1988; Dornbuch og Ritter 1988; Epstein 1995:307; Fehrmann o. fl. 1987:331; Hickman o. fl. 1995; Hyde 1992 og Wang o. fl. 1990).

Þegar horft er til samstarfs í framhaldsskólum þarf að skoða stöðuna í grunnskólunum en rannsóknir hafa sýnt að öflugt foreldrastarf í grunnskólum er forsenda foreldrasamstarfs í framhaldsskólum (Epstein 1995). Ef við horfum til foreldrasamstarfs í framhaldsskólum þá er landslagið nokkuð ólíkt því sem tíðkast í grunnskólunum. Í gegnum árin hefur verið lítið um formlegt og skipulagt samstarf milli heimila og framhaldsskóla hér á landi. Þótt það hafi lengi vel tíðkast í einhverri mynd. Veturinn 1995-1996 var gerð athugun á umfangi foreldrasamstarfs í framhaldsskólum landsins. Á þessum árum var sjálfræðisaldurinn ennþá 16 ár og ljóst var að margir framhaldsskólar töldu hendur sínar bundnar vegna þess þótt sumir skólar hafi fundið einfaldar leiðir

framhjá því til dæmis með undirskrift samnings um upplýsingaflæði til foreldra (Elín Thorarensen, 1998).

Könnunin leiddi í ljós að 18 skólar af 21 (86%) voru með eitthvað skipulagt samstarf við foreldra og 3 skólar (14%) höfðu ekkert skipulagt samstarf. Í nær öllum skólunum var samstarf við foreldra mismunandi eftir aldri nemenda, það miðaðist einkum við fyrstu tvö árin eða þá nemendur sem voru yngri en 18 ára. Meginþungi samstarfs svo sem foreldrafundir og umsjónarkennarakerfi var þó einkum bundið við fyrsta árið í flestum skólunum.

Haustið 1996 var gerð viðhorfskönnun í sex framhaldskólum til að kanna viðhorf til samstarfs. Könnunin var lögð fyrir nemendur sem voru flestir á öðru ári, foreldra viðkomandi nemenda og alla kennara skólanna sex. Helsta niðurstaða viðhorfakönnunarinnar var að nemendur, foreldrar og kennarar sem tóku þátt í könnuninni töldu mikilvægt að auka samstarf heimila og framhaldsskóla.

Önnur áhugaverð niðurstaða var að nemendur virtust ekki vita hvað átt var við með samstarfi í framhaldsskólum og þekktu ekki ávinning samstarfs (Elín Thorarensen, 1998).

Sjálfræðisaldur var hækkaður í 18 ár árið 1997 en í kjölfarið á því ber framhaldsskólum að miðla upplýsingum til foreldra nemenda sem eru yngri en 18 ára. Í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla sem var endurbætt árið 2004 segir um samstarf: Mikilvægt er að gagnkvæmt upplýsingastreymi og samstarf sé á milli foreldra og forráðamanna nemenda sem yngri eru en 18 ára og að foreldrar og forráðamenn fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið og námsgengi barna sinna. Skólar skulu einnig leitast við að upplýsa forráðamenn eldri nemenda um starfsemi sína (bls. 12-13). Þar stendur einnig: Skólar skulu leitast við að draga úr brottfalli nemenda frá námi með skýrum námskröfum, fjölbreytu námsframboði, upplýsingarmiðlun, ráðgjöf, góðri leiðsögn og samstarfi við forráðamenn eftir því sem kostur er (bls. 12).

Framhaldsskólar eiga því að sinna samstarfi og litið er til samstarfs sem eina leið til þess að sporna við brottfalli en eins og komið hefur fram þá hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á að samstarf við foreldra dregur úr brottfalli í framhaldsskólum (Rumberger o.fl. 1990).

Í mars 2004 kannaði undirrituð stöðu samstarf í framhaldsskólum. Svarhlutfall var 77%. Í þeim skólum sem svöruðu voru starfrækt foreldrafélög við sjö skóla, í sjö skólum kom fram áhugi á að stofna foreldrafélög, í fimm skólum var ekki talin vera þörf á því og í einum skóla hafði þessi umræða ekki farið fram.

Samstarf skólanna við foreldra nemenda undir 18 ára felst einkum í eftirfarandi þáttum: Haustfundir með foreldrum (nýnema) eru í 17 skólum (85%). Á þeim fundum er hagnýtum upplýsingum komið á framfæri, foreldra hitta umsjónarkennara og annað starfsfólk. Eins nefndu flestir að þessir fundir væru nýttir til að hvetja foreldra til að hafa samband. Mjög margir miðla upplýsingum til foreldra með pósti eða alls 14 skólar (70%). Dæmi um upplýsingar sem þannig er miðlað er: Niðurstöður úr miðannarmati nemenda, upplýsingar um fjarvistir/mætingaruppgjör, almennar upplýsingar um skólann, viðtalstíma starfsfólks, fréttir úr skólastarfinu, fundarboð og

einkunnir. Þriðja algengasta form samstarfs var aðgangur foreldra að upplýsingarvefnum Innu þar sem foreldrar geta fengið upplýsingar um ástundun og einkunnir barna sinna - nefndu 11 skólar (55%) þessa leið og var hún í skoðun hjá þeim tólfta. Níu skólar (45%) nefna umsjónarkennarakerfi – umsjónakennarar hafa í sumum tilfellum einn tíma á viku með nýnemum. Í nokkrum skólum eiga kennarar að taka viðtöl einu sinni á misseri en í öðrum er sú krafa ekki eins skýr, umsjónarkennarar eiga síðan að hafa samband við foreldra ef eitthvað er að eða námsráðgjafa. Átta skólar (40%) töldu að heimasíða þeirra væri notuð markvisst til að koma upplýsingum til foreldra og að heimasíðan væri kynnt fyrir foreldrum á haustfundum.

Í fjórum skólum (20%) sendu námsráðgjafar heim bæklinga til foreldra, kynningu á sínu hlutverki og í tveimur af þessum skólum voru í bæklingnum einnig upplýsingar til foreldra um námstækni og aðferðir til að styðja við nám barna sinna. Í fjórum skólum (20%) var fréttabréf sent reglulega til foreldra og í fjórum skólum voru haldnir fundir um forvarnarmál fyrir foreldra. Einn skóli nefndi að hann hefði verið með ýmis konar fræðslufundi fyrir foreldra. Allir skólarnir hafa samband símleidis við aðstandendur ef talin er þörf á því og tölvupóstur er notaður í samskiptum kennara og námsráðgjafa við foreldra.

Foreldrafélög í framhaldsskólum hafa ekki formlega stöðu. Markmið þeirra flestra eru svipuð og oftast eitthvað á þessa leið: Stuðla að auknum gæðum skólans og bæta jafnt almenn og einstaklingsbundin skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og farsæls þroska. Ljóst er þó að Foreldrafélögin eru enn að móta starfsemi sína og ná fótfestu enda nýlega til þeirra stofnað. Flest þeirra líta á sig sem bakhjarl síns skóla sem getur stutt við þróun hans og vöxt. Einnig að þeir eigi að hvetja til aukins stuðnings foreldra við nám barna sinna og stuðla að aukinni ábyrgð foreldra í forvarnastarfi í samvinnu við forvarnarfulltrúa framhaldsskólanna. Formlegt foreldrafélag er ein leið til að efla samstarf, formgera það og festa það í sessi. Með þeim skapast formleg aðkoma foreldra að skólanum og skólinn fær jafnframt formlegan aðgang að foreldrahópnum. Hlutverk þeirra þarf hins vegar að taka mið að þörfum framhaldsskólanna og verður því í eðli sínu annars konar en í grunnskólum. Foreldrafélög í framhaldsskólum þurfa að fá formlegri sess en nú er þ.e. lagalega stöðu líkt og foreldraráð grunnskóla hafa, það tryggir einnig að stofnað verði til þeirra við alla framhaldsskóla. Stofnun þeirra þarf að vera á ábyrgð skólameistara því eins og fræðin hafa bent á þá þarf tilboð um samstarf að koma frá skólunum sjálfum og það þarf að vera á ábyrgð skólans að viðhalda samstarfinu (Berger 1995:10).

Erlendar rannsóknir sýna að þegar skólinn opnar dyr sínar og kallar eftir samstarfi þá verða fleiri foreldrar virkir sem aftur kemur fleiri nemendum til góða hvað varðar árangur, viðhorf og hegðun. Kannanir sýna einnig að um 80% foreldra í framhaldsskólum vilja fá meiri leiðsögn og upplýsingar frá skólunum um það hvernig þeir geta stutt við nám barna sinna. (Epstein, 1995; Elín Thorarensen, 1998).

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. 2004. Menntamálaráðuneyti.
- Atkin, J. og J. Bastiani. 1988. Listening to Parents. New York, Croom Helm.
- Berger, E. H. 1995. Parents as Partners in Education. Families and Schools Working Together. New Jersey, Merrill.
- Dornbuch, S. M. og P. L. Ritter. 1988. Parents of High School Students: A Neglected Resource. Educational Horizons, 66:75-77.
- Elín Thorarensen. 1998. Samstarf heimila og framhaldsskóla: Viðhorf nemenda, foreldra og kennara. Meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
- Epstein, J. L. 1995. School/Family/Community Partnerships, Caring for the Children We Share. Phi Delta Kappan, 76,9:701-712.
- Fehrmann, P. G., T. Z. Keith og T. M. Reimers. 1987. Home Influence on School Learning: Direct and Indirect Effects of Parental Involvement on High School Grades. The Journal of Educational Research, 8,6:330-336.
- Helga Sigurjónsdóttir, 1989. Aðgát skal höfð, um ráðgöf, skólaþróun og fornám í Menntaskólanum í Kópavogi 1982 – 1989. Menntaskólinn í Kópavogi.
- Hickman, C. W., G. Greenwood og M. D. Miller. 1995. High School Parent Involvement: Relationship with Achievement, Grade level, SES, and Gender. Journal of Research and Development in Education, 28,3:125-134.
- Hyde, D. 1992. School - Parent Collaboration Results in Academic Achievement. NASSP Bulletin, april:39-42.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. 2002. Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Lazar og Slostad. 1999. How to overcome obstacles to parent-teacher partnerships. The Clearing House; Washington.
- Rumberger, R.W., Ghatak, R., Poulos, G., Ritter, P.L., & Dornbusch, S.M. 1990. Family Influences on Dropout Behavior in one Californina High School. Sociology of Education, 63, 283-299.
- Wang, M. C., G. D. Haertel og H. J. Walber. 1990. What Influences Learning? A Content Analysis of Review Literature. The Journal of Educational Research, 84,1:30-43.

Fylgiskjal 2. Fjöldi starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum

Grunnskólar 2003-2005

	Nemenda- fjöldi 2003	Fjöldi náms- og starfsráðgjafa	Nemenda- fjöldi 2005	Fjöldi náms- og starfsráðgjafa	Meðalfjöldi nemenda á náms- og starfsráðgjafa
Reykjavík	15.442	18	15.073	29	520
Hbsv. utan Reykjavíkur	11.313	16	707	14	813
Suðurnes	2.833	2	1.417	2	1.492
Vesturland	2.465	1	2.465	2	1.237
Vestfirðir	1.249	0	1.190	1	1.190
Norðurland vestra	1.415	2	1.352	1	1.352
Norðurland eystra	4.422	5	4.360	4	1.090
Austurland	1.958	0	1.849	2	925
Suðurland	3.712	0	3.671	3	1.224
Landið allt	44.809	44	44.336	58	764

(Heimild: Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga 2006)

Fylgiskjal 3. Almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa

STARFSLÝSINGAR

Greinargerð með almennri starfslýsingu fyrir náms- og starfsráðgjafa

Hér á eftir fer almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa en tillaga nefndar sem að henni vann var samþykkt á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa 4. apríl 2003. Nefndina sátu Arnfríður Ólafsdóttir, f.h. háskólastigsins, Inga Þóra Ingadóttir, f.h. framhaldsskólastigsins, Lena Rist, f.h. grunnskólastigsins, og Ólafur Finnbogason, f.h. atvinnulífsins. Nefndin fundaði þrisvar sinnum vegna þessa verkefnis og sendi tillögur sín á milli á netinu.

Meginmarkmið með gerð almennrar starfslýsingar fyrir náms- og starfsráðgjafa er að auðvelda þeim að mynda ramma utan um störf sín. Við gerð starfslýsingarinnar studdist nefndin við ýmis gögn þ.m.t. skýrslu nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar, starfslýsingar frá náms- og starfsráðgjöfum og reglugerð um starfslíð framhaldsskóla nr.5/2001 o.fl. Reynt var að einangra það sem okkur virtist vera sameiginlegt með þeim gögnum sem við höfðum í höndum og að lokum að sameina lýsinguna við störf náms- og starfsráðgjafa. Lögð er áhersla á að eftirfarandi starfslýsingu nýti náms- og starfsráðgjafar sér sem fyrirmynd sem þeir styðjast við þegar þeir gera eigin starfslýsingu með þeim breytingum sem nauðsynleg er hverjum ráðgjafa fyrir sig.

Náms- og starfsráðgjafar starfa m.a. í skólum, í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum. Starf þeirra er breytilegt eftir því hvar þeir starfa en byggir þó að grunni til á því sameiginlega markmiði að stuðla að velferð einstaklinga með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Eins og starfsheitið gefur tilefni til eru náms- og starfsráðgjafar sérfræðingar í ráðgjöf um það sem lýtur að námi og störfum, hvort heldur sé í námi/starfi eða um nám/störf.

Þrátt fyrir sameiginleg markmið, sérmenntun og starfsheiti rákum við okkur á að ýmis atriði sem aðgreindu störf náms- og starfsráðgjafa miðað við hvort þeir ynnu í skólakerfinu eða utan þess. Mætti vel hugsa sér að bæta eftirfarandi liðum við almennu starfslýsinguna hjá náms- og starfsráðgjöfum starfandi í skólakerfinu:

1. Móttaka nýnema/nýnemakynning

Kynning á námslegum og félagslegum þáttum skólaumhverfisins. Framkvæmd í samstarfi við kennara og eldri nemendur/nemendafélög. Kynning á skólastarfinu, námsfyrirkomulagi, reglum, nemendaþjónustu og félagslífi.

2. Samstarf heimilis og skóla

Kynning fyrir aðstandendur nemenda til að efla samstarf heimilis og skóla. Framkvæmd í samstarfi við kennara, aðra starfsmenn skólans, eldri nemendur/nemendafélög og foreldrafélög. Stuðningsviðtöl og leiðsögn við foreldra.

Einnig mætti hugsa sér að bæta m.a. eftirfarandi liði við almennu starfslýsinguna hjá náms- og starfsráðgjöfum starfandi í atvinnulífinu og/eða á atvinnumiðlunum:

3. Aðstoð við atvinnuleit

Aðstoðar atvinnuleitendur í atvinnuleit við að gera sér grein fyrir möguleikum sínum á vinnumarkaði og með því að leiðbeina þeim við hvernig best sé að haga atvinnuleit, gerð atvinnuumsókna og undirbúning og framkomu í atvinnuviðtölum.

Almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa samþykkt á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa 4. apríl 2003

Ráðgjöf í námi og starfi

Ráðgjöf um vinnubrögð


- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð.
- Leiðsögn og fræðsla um námstækni (s.s. námsaðferðir, lestraráðferðir og prófundirbúning).
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að aukinni einbeitingu, úthaldi og auknu tilfinningalegu jafnvægi.

1. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur
 - Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.
 - Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
 - Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
 - Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
 - Hópráðgjöf/námskeiðahald sem styrkja einstaklinginn í námi og/eða atvinnuleit (s.s. gerð ferilskráa, atvinnuumsókna, námstækni og prófkvíði).
2. Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála
 - Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.
 - Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir.
 - Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir.
2. Ráðgjöf við náms- og starfsval
 1. Áhugagreining
 - Könnun og greining á áhugasviði einstaklinga; fer ýmist fram með viðtölum eða með notkun mælitækja og kannana.
 2. Mat og greining á náms- og starfsfærni
 - Greining styrkleika og veikleika einstaklinga með tilliti til náms og starfa; fer aðallega fram með viðtölum við ráðþega.
 3. Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum
 - Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám, námskeið, starfsmenntun og starfsval
 - Starfsfræðsla; umsjón með framkvæmd starfsfræðslu í samstarfi við kennara, starfsfræðslufulltrúa og fulltrúa atvinnulífs.
 - Námskynningar; skipulag námskynninga innan skólans og undirbúningur og uppfræðsla nemenda fyrir stærri sameiginlegar námskynningar menntakerfisins.
 - Gagnasmíð, gagna- og upplýsingasöfnun og viðhald gagnabanka um nám og störf.
 - Miðlun og leiðsögn við notkun upplýsinga úr gagnabanka.
3. Próunarverkefni
 - Skýrslugerð
 - Skráning viðtala og viðfangsefna.
 - Úrvinnsla tölulegra upplýsinga um viðtöl og viðfangsefni.
 - Mat og áætlanagerð.
1. Viðhald fagþekkingar
 - Þróun nýrra starfsaðferða.
 - Endurmenntun/símenntun.
 - Samstarf við aðra ráðgjafa og faghópa.
 - Handleiðsla/sjálfskoðun.
2. Kannanir og rannsóknir
 - Mat á starfsaðferðum.
 - Kannanir og eftirfylgni verkefna og viðfangsefna.
 - Kannanir á aðstæðum og viðhorfum ráðþega.
3. Fræðsla og miðlun þekkingar
 - Náms- og starfsráðgjöfum skal veitt svigrúm til að sinna:

- Fyrirlestrum.
- Greinaskrifum.
- Viðtölum við fjölmiðla.
- Fundum.
- Nefndarstörfum.
- Samningu fræðsluefnis í greininni.
- Ráðstefnum.

Fylgiskjal 4. Heildræn námsráðgjafaráætlun

Heildræn námsráðgjafaráætlun



Þýðing og uppsetning: Berglind Helga Sigurbórsdóttir, Elfa Huld Haraldsdóttir, Helga Helgadóttir og Kristín Lilliendahl, 2004. (Gysbers og Henderson, 2000).

Fylgiskjal 5. Greinargerð frá Félagi náms- og starfsráðgjafa um lögverndun starfsheitis

Félag náms- og starfsráðgjafa var stofnað 1981 og er faglegur vettvangur fyrir náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Félagar eru rúmlega 200 talsins og starfa ýmist í menntakerfinu eða á símenntunarstöðvum, vinnumiðlunum og fræðslustöðvum atvinnulífsins svo dæmi sé tekið.

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) hefur óskað eftir því við nefnd um endurskoðun á lögverndun á starfsheitum og starfsréttindum innan menntakerfisins að hún tæki tillit til þeirra raka sem mæla með lögverndun á starfsheiti fagstéttarinnar náms- og starfsráðgjafa.

Helstu rök sem styðja lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa:

Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi í menntakerfinu frá því að stefnumótun hófst á vegum menntamálaráðuneytisins árið 1989 og nám í námsráðgjöf hófst árið 1991 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Fagleg þekking og vinnubrögð liggja að baki náms- og starfsráðgjöf og starfsheitið náms- og starfsráðgjafi vísar til þess að sá hinn sami veitir faglega ráðgjöf á grundvelli sértækrar menntunar sinnar.

Í námsskrám grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um þjónustu í námsráðgjöf sbr. VIII. kafla grunnskólalaga frá 1995 um sérfræðiþjónustu og reglugerð nr. 5/2001 gr. 9 um starfslið framhaldsskóla er kveðið á um menntun þess er veitir náms- og starfsráðgjöf sem er í samræmi við menntunarframbod við t. d. Háskóla Íslands.

Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997, 10. grein, er nefnt að eitt af verkefnum svæðisvinnumiðlana sé að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun. Einnig er nefnt að atvinnulausir skulu eiga kost á ráðgjöf og úrræðum svo sem námi og starfsþjálfun. Hér er kallað á faglega þekkingu sem náms- og starfsráðgjafi getur einn veitt.

Með lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur verið viss um að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskylda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa um heill nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð fagstéttarinnar.

Náms- og starfsráðgjafar og fagið sjálft getur stuðlað að öflugri tengingu milli skóla og atvinnulífs.

Með lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa er verið að leggja lóð á vogarskálarnar til eflingar náms- og starfsráðgjafar á Íslandi.